

*sannleikurinn* breytist ekkert við það — sári sannleikurinn sá, að hann hafði syndgað móti guði með því að fara illa með það, sem átti að vera honum til góðs. Og létt svo sjálfur það verða sér til ills.

Fermingar-undirbúnингurinn er nú ekki aðallega fólginn í því, að barnið læri kverið sitt og bibliu-sögurnar sínar, heldur í því, að barnið *lærir að lifa* — að lifa eins og guðs barn.

Af öllu, sem dýrðlegt er að læra, er dýrðlegast að læra þetta. Þegar löngunin til þess að lifa eins og guðs barn vaknar hjá manninum, þá finnur hann til þess. Og þegar hann finnur, að hann fær eins og nýja hvót til þess að lifa eins og guðs barn. Að vakna og sjá, að lífið í guði er mannsins sæla líf — það er dýrðlegt! En þá um leið sér maðurinn, að ljóta og vansæla lífið er að lifa sjálfum sér, en gleyma guði. Þá er vor í mannssállinni með gróðri og vonum.

Þegar undirbúnингurinn hefur þessa vöknun í för með sér, og hana á hann að hafa og *barf* að hafa —, þá er hann blesaður. Og þá gleymist hann seint þeim, sem fundu til blessunarinnar — fundu, að hann varð þeim til lífs, en ekki dauða.

En ekki er alt komið undir prestinum, þó sumum finnist það. Alt á að leggja á hann. Ef vel gengur, er honum einum að þakka. Ef illa fer, er honum einum að kenna. Mikið er vitanlega undir honum komið. Mikið undir því komið, hvaða rækt hann leggur við verkið sitt, og með hvaða alúð hann er við það. En það má gera alla viðleitni hans gagnslausa, hvað einlæg og alvarleg sem hún er.

Til þess að hún verði að sannarlegu gagni er áríðandi, að börnin finni til þess, að undir þeim sjálfum er líka komið. Það ríður á, að þau vinni með, ef þau eiga að hafa góð not af tímanum. Það ríður á, að þau sjái, að um velferð þeirra sjálfra er að ræða, og að þau megi ekki fyrir neinn mun fara illa með þennan dýrmæta tíma. Það sé svo mikil í húfi. Á hinn bóginn sé gróðinn svo mikill, ef vel sé farið með hann.

En aumingja-börnin! Þau eiga svo bágtr með að sjá þetta. Það er eins og illar vættir setjist um þau einmitt hvað mest um þetta leyti, þenna vitjunartíma þeirra, og gleppji þau á allan hátt.

Það ríður þá á því, að foreldrarnir sé með og hjálpi börnum vel að hagnýta sér undirbúnings-tímann, sé eins og guðs heilagir englar á verði í kring um þau gegn illvættunum og kappkosti, að áhrifin frá sér lúki upp, en læsi ekki, guðs ríki fyrir börnunum, og lýsi þeim inn í það.

Því miður virðast foreldrar stundum læsa guðs ríki fyrir börnunum sínum með áhrifum sínum. Skelfilegt er að vita til